


Skortur á vinnuafli kyndir undir verðbólgu

7/9 2022



Í fyrsta skipti í mörg ár hækka laun hægar en verðlag. Kaupmáttur launa jókst meðan farsóttin geisaði sem harðast, en nú minnkar kaupmáttur þó að þensla sé á vinnumarkaði.

Útlit er fyrir að heldur dragi úr verðhækkunum á næstunni, en því er spáð að ársverðbólgan haldist samt um og yfir 10% fram yfir áramót. Gert er ráð fyrir að mjög hægi á hækkun húsnæðisverðs. Það má skýra með því að áhrif af vaxtalækkunum undanfarinna ára séu nú að mestu komin fram, fremur en því að nýlegar stýrivaxtahækkningar breyti orðið nokkru sem um munar. Stýrivextir eru enn undir verðbólgu, en flestir gera reyndar ráð fyrir að þeir haldi áfram að hækka. Atvinnuleysi dróst mikið saman á fyrri hluta árs 2021 og því er spáð að það minnki enn á komandi mánuðum. Fræðimenn hafa fært rök að því að til sé *náttúrulegt atvinnuleysisstig* þar sem verðbólga sé stöðug. Ekki sé hægt að færa atvinnuleysi niður fyrir það nema með vaxandi verðbólgu.¹ Vísbendingar eru um að náttúrulegt atvinnuleysi sé 4-5% á Íslandi um þessar mundir, en hér er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði undir því stigi á næstu mánuðum.


Líkanið, sem stuðst er við, spáir mánaðargildum fjögurra hagstærða: Neysluverðs, launa, gengis og íbúðaverðs. Jöfnur líkansins eru metnar með gögnum frá síðustu aldamótum fram á þennan dag. Forsendur spárinnar eru fáar fyrir utan þekktar hagtölur, en sem stendur liggja upplýsingar til dæmis ekki fyrir um launataxta eftir að almennir kjarasamningar renna út í nóvember. Líkanið hentar best til þess að spá nokkra mánuði fram í tímann.

¹ Milton Friedman (1968): The Role of Monetary Policy. American Economic Review, 58. árg., maí bls. 1-17, Edmund Phelps (1967). PCs, Expectations of Inflation, and Optimal Unemployment Over Time. Economica, 34. árg., ágúst, bls. 254-281., Edmund Phelps (1968). Money-wage Dynamics and Labor-Market Equilibrium, Journal of Political Economy, 76. árg., júlí-ágúst, bls. 678-711.

Spár um hagstærðir 2022

	Hagfrstofnun (apríl)	Seðlabanki (ágúst)	Hagfrstofnun (sept.)
Verðbólga (jan-jan)	6,9%	8,8%	10,2%
Atvinnuleysi	3,8%	3,8%	3,7%
Húsnæðisverð	10%		17,5%

Verðlækkun á bensíni réði miklu um að neysluverð hækkaði minna í ágúst en búist var við. Áður höfðu verðhækkunarir á húsnæði átt stóran þátt í hækkun vísitölunnar. En ekki má gleyma sér í tilfallandi breytingum í einstökum liðum vísitölunnar. Stóra málið er þensla á vinnumarkaði. Vinnustundum hefur ekki fjölgað jafnmikið frá upphafi mælinga og á 2. ársfjórðungi og aldrei hafa jafnmargir flust til landsins. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir að á komandi árum muni fjárfestingar atvinnuvega og hins opinbera keyra áfram fínan hagvöxt, reyndar að því gefnu að verkalýðshreyfingin hagi sér vel.² Sérfræðingur sömu samtaka segir að búast megi við skorti á vinnuafli hér á landi um langa framtíð.³ Ætla má að verkalýðsfélög hafi sterka samningsstöðu við slíkar aðstæður. Kjarasamningar á frjálsum markaði eru sem fyrr segir lausir í nóvember. Í Kjarafréttum Eflingar í ágúst er talað um 52.500 króna flata kauphækkun⁴ og í kröfugerð VR er rætt um aukinn kaupmátt ráðstöfunartekna. Hér er gert ráð fyrir að lægstu laun hækki um 7½% um áramót.



² Halldór Benjamín og Ragnar Þór mætast í Pallborðinu, visir.is. Sótt af:

<https://www.visir.is/g/20222305416d/halldor-benjamin-og-ragnar-thor-maetast-i-pallbordinu> . Ummælin sem vitnað er til eru í lok þáttarins.

³ Sjá til dæmis: Hannes G. Sigurðsson ráðgjafi stjórnar og framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins, 2022, Viðvarandi skortur á vinnuafli til framtíðar, 26. janúar. Sótt af:

<https://www.sa.is/frettatengt/frettir/vi%C3%B0varandi-skortur-a-vinnuafli-til-framti%C3%B0ar>

⁴ Kjarafréttir, nr. 10, 17. ágúst 2022, ábm. Stefán Ólafsson. Sótt af: https://www.efling.is/wp-content/uploads/2022/08/Kjarafre%CC%81ttir-Eflingar-10.tbl_-17.-a%CC%81gu%CC%81st-2022.pdf , Kröfugerð VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna gagnvart Samtökum atvinnulífsins 2020. Sótt af: <https://www.vr.is/media/jvdbcznp/undirritu%C3%B0-kr%C3%B6fuger%C3%B0.pdf>